

---

## Stækkun á seiðastöð Arctic Smolt að Norður-Botni, Tálknafirði Ákvörðun um matsskyldu

---

### Inngangur

Þann 21. október 2016 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Arctic Smolt hf. um fyrirhugaða stækkun leyfis fyrir seiðastöð í Norður-Botni í Tálknafjarðarhreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 1.11 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Tálknafjarðarhrepps, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Matvælastofnunar, Minjastofnunar Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

### Gögn lögð fram

Tilkynning um stækkun leyfis fyrir seiðastöð Arctic Smolt hf. að Norður-Botni í Tálknafirði, Arctic Fish, október 2016.

Umsagnir bárust frá:

- Tálknafjarðarhreppi með tölvubréfi dags. 22. nóvember 2016,
- Fiskistofu með tölvubréfi dags. 15. nóvember 2016,
- Hafrannsóknarstofnun með bréfi dags. 18. nóvember 2016,
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 13. nóvember 2016,
- Matvælastofnun með bréfi dags. 10. nóvember 2016,
- Minjastofnun með bréfi dags. 9. nóvember 2016,
- Samgöngustofu með bréfi dags. 15. nóvember 2016,
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 7. nóvember 2016.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 22. nóvember og 2. desember 2016.

### Kynnt framkvæmd

#### Núverandi framkvæmd

Seiðaeldi hefur verið stundað í Norður-Botni í Tálknafirði um langt árabil og tók Arctic Smolt hf. við starfseminni árið 2011. Fyrirtækið hefur rekstrarleyfi fyrir 200 tonna ársframleiðslu á laxa- og regnbogasilungsseiðum á landi og með afrennsli í sjó. Fyrirtækið hefur einnig starfsleyfi fyrir 199 tonna seiðaeldi á ári. Núverandi mannvirki á svæðinu eru samtals tæplega 830 m<sup>2</sup> í þremur sambyggðum byggingum. Heildarrými eldiskera hefur verið um 1.000 m<sup>3</sup> og vatni veitt um kerin með gegnumstreymi.

#### Fyrirhuguð framkvæmd

Með framkvæmdinni er fyrirhugað að fimmfalda umfang eldisins, úr 200 tonnum í 1.000 tonna ársframleiðslu á laxa- og regnbogasilungsseiðum. Nýja seiðaeldisstöðin verður byggð á landi og verður samkvæmt tilkynningu framkvæmdaraðila fyrsta eldisstöðin á Íslandi sem byggir á svonefndri RAS tækni (Recirculating Aquaculture System) þar sem ekki verður gegnumstreymi, heldur verður frárennslisvatn endurnýtt innan stöðvarinnar. Starfsemin mun fara fram í þremur



seiðahúsum, samtals 12.000 m<sup>2</sup>, en í hverju húsi verði fjögur sjálfstæð kerfi með hreinsistöðvum. Húsin verði reist í þremur áföngum og mun heildarrými keranna verða um 9.000 m<sup>3</sup>.

Eldisferlið taki um 12 – 16 mánuði og verða fullvaxta seiði flutt með röri út í brunnbát og siglt með þau í sjókvíar. Tilgangur framkvæmdarinnar er að framleiða seiði til áframeldis í sjókvíum Arctic Sea Farm hf sem er systurfyrirtæki eldisfyrirtækisins<sup>1</sup>.

## Umhverfisáhrif

### Landnotkun, ásýnd og landslag

Fram kemur í tilkynningarskýrslu Arctic Smolt að stækkun eldisstöðvarinnar sé fyrirhuguð á landi Norður-Botns í botni Tálknafjarðar, á sömu lóð og núverandi starfsemi. Deiliskipulag fyrir Norður-Botn taki til svæðis í botni fjarðarins frá Keldeyri, um heimatúnin vestur fyrir Botnsá og fram dalinn þar sem núverandi borholur og vatnslagnir eru staðsettar.

Fiskeldi sé þegar starfsrækt í þremur byggingum sem standa á heimatúni Norður-Botns. Eldistjarnir séu staðsettar í fjörunni og þær nýttar fyrir núverandi starfsemi en ekki sé áformað að nota þær eftir fyrirhugaðar breytingar í starfsemi.

Nýju eldishúsin verði staðsett innan við 50 m frá núverandi sjávarbakka og einnig innan við 50 m frá þjóðvegi. Svæðið að sjó er að mestu leyti manngert, og raskað vegna núverandi starfsemi. Dalsmegin einkennist svæðið af túnum og áreyrum Botnsár.

Samgöngustofa tekur fram í umsögn sinni að mikilvægt sé að merkingar séu fullnægjandi, að framkvæmdaraðili tilkynni Sjómælingum Íslands um staðsetningu þegar framkvæmdir hefjist og þess sé gætt að ekki sé skyggt á leiðarmerki sem sjáist frá sjó.

Umfang fyrirhugaðra bygginga er meira en skv. gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagi fyrir svæðið og þarfnast endurskoðunar.

### Vatnsnotkun

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að vatni til núverandi starfsemi sé veitt úr Reyðarlæk í land Hjallatúns. Núvarandi vatnsnotkun er 250 l/sek en með áformuðum breytingum á rekstri sé áætlað að vantsnotkunin minnki og verði 5 l/sek í hverri byggingu auk 40 – 50 l/sek fyrir frumfóðrun og hrogn.

Með nýju stöðinni verði vatn tekið inn úr heitum borholum í land Norður-Botns og hitastiginu haldið stöðugu miðað við kjörhita laxaseiða (10 – 12°C). Frekari vatnsöflunarmöguleikar hafi verið rannsakaðir af Orkustofnun og ÍSOR og fimmtán borholur eru á jörðinni, ellefu heitavatnsholur og fjórar kaldavatnsholtur.

### Fóður, úrgangur og frárennsli

Fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila að við stækkun og breytingar á starfsemi stöðvarinnar verði komið upp fullkomnari hreinsibúnaði (Recirculating Aquaculture System, RAS) sem byggir á endurnýtingu vatns innan stöðvarinnar. Þrátt fyrir aukna framleiðslu muni vatnsnotkun minnka mikið með notkun nýs búnaðar og minna magn næringarefna muni berast til sjávar frá stöðinni. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að um 11 % af orku þess fóðurs sem fiskurinn éti tapist í form þvags og 18 % í formi saurs.

Samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila mun endurnýting vatns verða yfir 90 % og einungis lítill hluti af lífrænum úrgangi stöðvarinnar muni berast með úrgangsvatni beint til sjávar. Mestur hluti næringarefna, úrgangsefna og fóðurleifa verði hreinsað úr frárennslinu með tromlusíum og verði

<sup>1</sup> Fiskeldisfyrirtækið Arctic Fish ehf. er móðurfyrirtæki Arctic Smolt hf. og Arctic Sea Farm hf.



dælt í settjörn (2.000 m<sup>3</sup> og 1.500 m<sup>2</sup>) sem verði staðsett við hlið húss 3. Áætlað er að úrgangurinn verði notaður sem áburðarefni til framtíðar, en sótt hefur verið um verkefnisstyrk til að þróa aðgerðir til að nýta fastan úrgang sem áburð og/eða hráefni í hliðarafurðir.

Eldisstöðin fargar lífrænum og ólífrænum úrgangi hjá Gámaþjónustu Vestfjarða sem flytur úrgang til urðunar við Fíflholt á Vesturlandi. Áætlað er að halda því samstarfi áfram eftir stækkun stöðvarinnar.

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar er vakin athygli á því að þó svo að áform um endurnýtingu minnki magn frárennslis muni magn uppleystra næringarefna ekki minnka. Ekki sé gerð nægilega góð grein fyrir þeim hluta eldisvatns sem rennur til sjávar, þ.e. hvernig því verði veitt til sjávar og hversu langt frá landi því verði dælt og á hvaða dýpi það muni koma út úr frárennslisögn. Þetta þurfi að gera á þann hátt að það sé í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Enn fremur bendir stofnunin á að engar straummælingar liggja fyrir við útrás frá eldinu og að ekki sé getið um botndýrarannsóknir þar sem affall frá stöðinni kemur út. Hafrannsóknarstofnun gerir fyrirvara um að þau áform sem kynnt eru í tilkynningunni nái fram að ganga og telur að gera þurfi ráð fyrir vöktun á áhrifum rennslis frá stöðinni og að hún verði gerð af til þess bærnum aðila.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Hafrannsóknarstofnunar kemur fram að áætlað er, í samráði við Umhverfisstofnun, að setja út lögn fyrir frárennslis til sjávar. Lögnin muni ná út fyrir leiru, þ.e. um 400 metra frá seiðaldinu á 9 – 10 metra dýpi á stórstreymisfjöru.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða eru ekki gerðar athugasemdir varðandi áform Arctic Smolt. Heilbrigðiseftirlitið bendir á mikilvægi þess að leiða þurfi fráveitu frá starfsmannaaðstöðu gegnum rotþró og siturlögn aðskilið frá frárennslis fiskeldisstöðvarinnar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Stofnunin telur þó að ekki sé nægilega vel gerð grein fyrir vöktun í tilkynningunni og mun óska eftir nákvæmari vöktunaráætlun komi til útgáfu starfsleyfis.

### **Áhrif á vatnalíf**

Í tilkynningu framkvæmdaraðila kemur fram að sumarið 2014 hafi verið gerð athugun á búsvæðum og seiðabúskap í Botnsá og hve langur fiskgengi hluti árinna er. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar er Botnsá fiskgeng inn í eða við mynni Botnsgljúfur, sem er um 3 km. Við þessa athugun hafi fundist nokkur fjöldi bleikjuseiða, eitt urriðaseiði en ekkert laxaseiði.

Fiskistofa staðfestir í umsögn sinni að í rannsókn Veiðimálastofnunar 2015 komi fram að laxa- og urriðaseiði hafi fundist í ánni. Miðað við forsendur í fyrirbyggjandi gögnum telur Fiskistofa ekki nauðsynlegt að stækkun leyfis fyrir seiðaeldi þurfi að gangast undir mat á umhverfisáhrifum með tilliti til veiðihagsmuna. Stofnunin gerir þó athugasemd við að framkvæmdin hafi ekki verið tilkynnt fyrir, þ.e. áður en framkvæmdir hófust við uppbyggingu á seiðaeldisstöðinni.

Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar er bent á að regnbogasilungur og lax eru erfðafræðilega frábrugðnir íslenskum stofnum. Regnbogasilungur er á lista NOBANIS (European Network on Invasive Alien Species) og skilgreindur í Evrópu sem framandi ágeng tegund. Sá laxastofn sem um ræðir er kynbættur laxastofn af norskum uppruna sem er erfðafræðilega frábrugðinn íslenskum laxastofnum. Í Noregi og á suðurströnd Kanada er ekki heimilt að nota erlenda stofna til fiskeldis í því skyni að vernda innlenda stofna laxfiska, einkum lax, fyrir innblöndun á óskyldu erfðaefni.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Hafrannsóknarstofnunar kemur fram að búnaður í eldisstöðinni (ristar, lokur og tromlusur) sé þannig gerðir að afar ólíklegt sé talið að mannleg mistök geti orsakað að fiskur sleppi frá stöðinni. Að auki eru verkferlar skýrir og virkt eftirlit hjá fyrirtækinu í samræmi við gæðahandbók þess sem er í sífelldri endurskoðun.

Í umsögn Matvælastofnunar kemur fram að stofnunin telji að ef ákveðnar forvarnir og varúðarráðstafanir verði í heiðri hafðar sem leitist við að tryggja heilbrigði seiða og skaðleysi



gagnvart nánasta umhverfi þeirra, muni starfsemin ekki hafa neikvæð áhrif á heilbrigði og viðgang þeirra villtu fiskistofna sem fyrir eru í nálægu vistkerfi. Stofnunin telji því ekki að þörf sé á sérskyldu umhverfismati.

### **Menningarminjar.**

Í tilkynningunni kemur fram að fornleifar hafi verið skráðar árið 2012 í sambandi við vinnu við deiliskipulag svæðisins og í viðauka fylgir skýrsla með skráðum fornleifum. Tvær þessara fornleifa eru innan eða fast við byggingarreit nýrrar seiðaeldisstöðvar, þ.e. bæjarstæði Norður-Botns og tóftir Húsa (66) (örnefnaskrá Botns). Þessar minjar hafi verið töluvert raskaðar þegar skráning fór fram. Jafnframt kemur fram að tóftir við Sel, minjastað nr. 10, geti verið í hættu vegna vatnsleitar. Fram kemur í greingargerðinni að í kjölfar skráningarinnar hafi framkvæmdarsvæðið verið fært fjær minjastöðunum en upphaflega var fyrirhugað til að minnka hættu á frekara raski.

Í umsögn sinni leggur Minjastofnun Íslands áherslu á að minjastaðir í nágrenni byggingarreits seiðaeldistöðvarinnar verði merktir eða girtir af til að koma í veg fyrir að forleifarnar raskist af vangá við framkvæmdir við stöðina eða vatnsleit. Að því gefnu að gengið verði við ofanefndum kröfum, telur Minjastofnun Íslands að ofnagrein framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum en bendir á 21. gr. laga um menningarminjar ef minjar finnast á framkvæmdartíma.

### **Skipulag og leyfisveitingar**

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi og byggingarleyfi Tálknafjarðarhrepps skv. 13. gr. skipulagslaga, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi og sbr. reglugerð um byggingarleyfi. Framkvæmdin er einnig háð rekstrarleyfi Matvælastofnunar skv. 7. gr. laga um fiskeldi og starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Framkvæmdin er ekki samræmi við gildandi Aðalskipulag Tálknafjarðarhrepps og deiliskipulag fyrir Norður-Botn og kallar á breytingar þar að lútandi.

### **Niðurstaða**

Um er að ræða stækkun og aukningu á starfsemi Arctic Smolt seiðastöðvarinnar í Norður-Botni í Tálknafirði. Fyrirhuguð aukning á framleiðslu stöðvarinnar er úr 200 tonna í 1.000 tonna ársframleiðslu af laxa- og regnbogasilungseiðum. Áætlað er að nota nýjan hreinsibúnað við framleiðsluna svo hægt sé að endurnýta eldisvatn og draga úr vatnsnotkun. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1.11 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er fyrirhuguð á svæði sem þegar hefur verið raskað vegna núverandi starfsemi og áhrif stækkunar á gróður og fuglalíf verða að mati Skipulagsstofnunar óveruleg. Nokkuð rask getur þó orðið vegna borana eftir heitu og köldu vatni og leiðslu vatns til stöðvarinnar. Seiðaeldisstöðin er staðsett milli fjöru og þjóðveggar og verður nokkuð áberandi í landslagi vegna umfangs nýrra bygginga.

Menningarminjum hefur þegar verið raskað vegna núverandi starfsemi. Tekið er undir með Minjastofnun Íslands að mikilvægt sé að viðeigandi minjar verði merktar eða girtar af svo tryggt verði að ekki hljóttist af frekara tjón vegna framkvæmdanna.

Botndýralíf hefur ekki verið kannað þar sem affall frá stöðinni rennur út í sjó og ekki liggur fyrir vöktunaráætlun. Með því að nota lokað kerfi sem endurnýtir eldisvatnið í stað gegnumrennslis um eldisstöðina eins og nú er, mun verulega draga úr frárennslis til sjávar og magni lífræns úrgangs frá



starfsemi. Líklegt er að það leiði til þess að álag á botndýralíf í Tálknafirði muni minnka miðað við núverandi aðstæður.

Við núverandi aðstæður eru notaðar eldistjarnir sem staðsettar eru í fjöru og er áformað að leggja þær af. Ný seiðaeldisstöð verður alfarið á landi, eldið starfrækt í lokuðu kerfi og síubúnaður og lokur verða notaðar til þess að fyrirbyggja að laxaseiði sleppi úr eldishúsum og út í sjó. Slíkur búnaður er líklegur til að draga umtalsvert úr hættu á seiði sleppi til sjávar, miðað við núverandi fyrirkomulag eldisins.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að Arctic Smolt viðhafi þá verktilhögun sem kynnt hefur verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á lífríkið. Að öðrum kosti kunni framkvæmdin, vegna margföldunar á framleiðslumagni, að leiða til verulegra neikvæðra áhrifa á lífríki Tálknafjarðar og Botnsár ef seiði sleppi til sjávar eða áætlanir um hreinsun gangi ekki eftir. Skipulagsstofnun beinir jafnframt þeim tilmælum til leyfisveitenda að leyfi til reksturs seiðastöðvarinnar verði ekki gefið út fyrr en sýnt hefur verið fram á virkni hreinsibúnaðar og að fyrir liggi áætlun um reglubundna vöktun búnaðarins m.t.t. frárennslis og hættu á slyasleppingum. Einnig verði vöktun á ástandi botndýralífs við frárennslis seiðaeldsstöðvarinnar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Arctic Smolt hf. við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð stækkun seiðastöðvar í Norður-Botni sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. janúar 2017.

Reykjavík, 9. desember 2016

Hólmfríður Bjarnadóttir

Sigmar Arnar Steingrímsson